

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1973

1. marz 1973.

223

Nr. 105.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldu-bóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 12% frá 1. apríl 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 69/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

26. marz 1973.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 2 12. janúar 1971 um skyldusparnað.

1. gr.

Við 21. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Kostnaður við rekstur innlánsdeildar Byggingarsjóðs ríkisins greiðist úr Byggingarsjóðnum, eftir nánara samkomulagi við veðdeildina.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 um Hús-næðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

26. marz 1973.

Nr. 107.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 13.80 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

A—2 Kr. 4.05 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli auk fastagjalds, er nemi kr.

2 050.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 60.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 13.80 hver kWst. til ljósa og kr. 3.16 hver kWst. til suðu og hitunar.
- B—2 Kr. 2.63 hver kWst., sem seld er um einn kWst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu. Auk þess greiðist fastagjald kr. 1.70 á mánuði af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.
- B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 2.61 á kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn rafveitunnar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 6.70 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.
- C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 200.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 1.13 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.
- C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 1 955.00 hvert kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.06 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.
- C—4 Kr. 3.95 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
- C—5 Kr. 4.10 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, fyrir búrekstur.
- C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 0.51/0.45 hver kWst. og kr. 4 165.00 hvert kW.
- C—7 Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 0.47 hver kWst.

D. Hitun.

- D—1 Kr. 0.87 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- D—2 Kr. 1.17 hver kWst., sem seld er um tviðgjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.
- D—3 Kr. 0.67 hver kWst., sem seld er um tviðgjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- D—4 Kr. 0.50 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.57 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
- D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.45 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

- E—1 Kr. 1.80 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
- E—2 Kr. 2.30 hver kWst., sem seld er um tviðgjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.
- E—3 Kr. 1.12 hver kWst., sem seld er um tviðgjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- E—4 Kr. 1.35 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, til súgþurrkunar.
- E—5 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 1.20 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kWst.-mælar	199.00	245.00	267.00		
3-fasa kWst.-mælar	337.00	515.00	665.00	1 107.00	2 435.00
Tvígjalds- og mestastraumsmælar .		665.00	1 107.00	1 782.00	3 570.00
Klukkurofar og skiptiklukkur	850.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

- Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar, kr. 100.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

- Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og 2% viðlagagjald.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 6. febrúar 1973.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 152 15. júní 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 26. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.